

Tilkynning

frá Stangaveiðifélagi Akraness um sölu og úthlutun veiðileyfa árið 1981.

1. Aðalsöludagur veiðileyfa verður sunnudaginn 29. mars. Skulu þeir, sem veiðileyfi ætla að fá, draga númer frá klukkan 10-12 f.h. og verða veiðileyfi afgreidd eftir þeim númerum frá klukkan 13,30 sama dag, í félagsheimilinu Röst. — 30. mars verða þau veiðileyfi, sem óseld eru, seld til félagsmanna í félagsheimilinu Röst kl. 20,30—21,30.

2. Félagar þurfa að velja sér veiðifélaga og ber að nafngreina þá og veiðiá áður en númer er dregið og dregur þá einn fyrir sig og sína veiðifélaga. Fjarstöddum félögum er heimilt að gefa öðrum **skriflegt umboð** til að draga fyrir sig. Skylt er að greiða ársgjald (kr. 100) áður en dregið er.

Ákveðið hefur verið að gefa félagsmönnum kost á gjaldfresti á helmingi keyptra veiðileyfa, og ef veiðileyfi verða ekki leyst út fyrir 10. júní, er stjórninni heimilt að ráðstafa þeim til annarra.

Þeir félagsmenn, sem skráðir eru fyrir veiðileyfum á söludegi, eru ábyrgir, verði veiðileyfi selt til utanfélagsmanna.

3. Veiðileyfin verða seld eftir svípuðum reglum og undanfarin ár, þannig að menn hafa að nokkru leyti frjálst val í þeiri röð, sem afgreiðslunúmerin segja um, séu þeir mættir, er sala hefst og kemur að þeirra númerum. Óheimilt er að framselja afgreiðslunúmer til annarra félagsmanna. Verður því að skila aftur þeim afgreiðslunúmerum sem ekki eru notuð.

4. Engum félagsmanni verður úthlutað meira en 2 stangardögum í Flekkudalsá, 2 stangardögum í Fáskrúð og 1 stangardegi í Andakílsá, fyrsta söludag.

Í Fáksrúð verða 2 stangir á dag, 3 stangir á dag í Flekkudalsá og 2 stangir verða á dag í Andakílsá.

5. Komi upp ágreiningur um skilning á ofangreindum reglum, áskilur félagsstjórnin sér rétt til að skera úr í hverju tilfelli, svo og að setja viðbótarreglur, telji hún það nauðsynlegt.

6. Sala veiðileyfa eftir söludag fer fram á skrifstofu Sjóvátryggingafélagsins að Suðurgötu 62, sími 2000.

SÖLUVERÐ VEIÐILEYFA 1981:

FLEKKUDALSÁ:

1. júlí til 31. júlí	1100
31. júlí til 10. ágúst	950
10. ágúst til 20. ágúst	750
20. ágúst til 1. sept.	500
1. sept. til 11. sept.	350

11. ágúst til 19. ágúst	350
20. ágúst til 31. ágúst	300
1. sept. til 10. sept.	200
11. sept. til 20. sept.	150

FÁSKRÚÐ:

20. júní til 28. júní	800
28. júní til 6. júlí	900
6. júlí til 19. ágúst	1100
19. ágúst til 31. ágúst	900
31. ágúst til 10. sept.	800
10. sept. til 20. sept.	700

ANDAKÍLSÁ:

25. júní til 30. júní	300
1. júlí til 10. júlí	400
11. júlí til 31. júlí	500
1. ágúst til 10. ágúst	400

Til utanfélagsmanna er verðið kr. 100 hærra pr. stöng.